

KJARASAMNINGUR
milli
Verkstjórasambands Íslands
og
Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Allir kjarasamningar aðila þ.m.t. sérkjarasamningar framlengjast til 31. desember 2014 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast.

2. gr.

Kaupliðir

Almenn launahækkun

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 29.500.

3. gr.

Breytt ákvæði kjarasamnings


Ákvæði kjarasamnings aðila um veikindi og slys í orlofi og um skriflega staðfestingu ráðningar taka sömu efnis breytingum og samið var um í kjarasamningi SA og aðildarféлага ASÍ, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Samningsforsendur


Samningur þessi byggir á sömu efnahagsforsendum og kjarasamningur SA og ASÍ frá 21. desember 2013, (aðfararssamningur, efnahagsumgjörð og viðræðuáætlun).

Reykjavík, 23. janúar 2014

F.h. Verkstjórasambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



Veikindi og slys í orlofi

Ákvæði kjarasamnings SA og VSSÍ a um veikindi í orlofi breytist og hljóði svo:

Veikindi og slys í orlofi

„Veikist starfsmaður í orlofi innanlands, í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti, rafpósti eða á annan sannanlegan hátt nema force major aðstæður hindri en þá um leið og því ástandi léttir. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni, standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa og tilkynni hann atvinnurekanda innan þess frests hvaða lækni annist hann eða muni gefa út læknisvottorð, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum ástæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Atvinnurekandi á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á. Sömu reglur og að ofangreindir gilda um slys í orlofi.“

Skrifleg staðfesting ráðningar

Við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf bætist eftirfarandi ákvæði:

Réttur til skaðabóta

„Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum.“

JEP 2 